

Reykjavík 1. mars 2018

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum (sjálfvirk gagnagreining) 36. mál

STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum (sjálfvirk gagnagreining) 36. mál.

Eitt af því sem Evrópusambandið (ESB) er með til skoðunar sem hluta af endurskoðun höfundaréttar innan ESB, er undantekning vegna sjálfvirkrar gagnagreiningar og vinnslu upplýsinga eða það sem nefnt er „text- and datamining“. Er gert ráð fyrir að í kafla II í 3. gr. í tilskipun um stafrænan innri markað (The Digital Single Market proposal) sé að finna slíka undantekningu. Sú tillaga sem þar er verið að ræða gerir ráð fyrir að undantekningin nái til rannsóknastofnana og að hún sé í þágu vísindarannsókna. Að auki er gert ráð fyrir að viðkomandi rannsóknastofnun hafi fengið gagnagrunninn til rannsókna á lögmetan hátt.

Sú tillaga sem fram kemur í ofangreindu frumvarpi til breytinga á íslenskum höfundalögum gengur mun lengra en tillagan sem er til umræðu innan ESB. Telur STEF farsælast að Ísland skeri sig ekki frá löggjöf annarra þjóða innan EES-svæðisins að þessu leyti. Telur STEF þannig best að beðið verði með séríslenska löggjöf sem þessa þar til ljóst verður hvernig sambærilegt ákvæði mun koma til með að líta út í tilskipun frá ESB, sem Ísland mun síðan þurfa í framhaldinu að innleiða vegna ákvæða EES-samningsins.

Virðingarfyllst

F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkv.stj.